

Langanesbyggð  
Elías Pétursson  
Fjarðarvegi 3  
680 Þórshöfn

Reykjavík, 6. janúar 2020  
UST201901-226/gf  
08.14.02

**Varðar reglulegt eftirlit 2019 – urðunarstaður Langanesbyggðar á Bakkafirði**

Þann 7. nóvember sl. fór fram eftirlit með urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

Eitt nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Ljúka þarf gerð sýnatökustaða. Taka á sýni af grunnvatni (brunnar skulu vera í grunnvatnsstefnu ofan og neðan urðunarstaðarins). Við samanburð á niðurstöðum efnagreininga á sýnum má finna út áhrif urðunarstaðarins á efnasamsetningu grunnvatns. Efnagreina þarf sýni í samræmi við mælingaáætlun í starfsleyfi.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. janúar 2020.**

Virðingarfyllst,

  
Gottskálk Friðgeirsson

  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Bakkafl Bakkafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	7.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Langanesbyggð Bakkafl	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elías Pétursson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Enn er opið frávik frá fyrri árum sem varðar úrgang annan en neyslu- og rekstrarúrgang geymdur er ofan á urðunarstaðnum (ónytjahluti). Eins er frávik frá 2018 um mælingar enn opið.

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst. Mælingar sem krafist er í starfsleyfi hafa ekki verið framkvæmdar í ár (2019). Sjá yfirlit yfir mælingar í grein 4.2 í starfsleyfi. Þjár ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður Langanesbyggðar á Bakkafirði er með starfsleyfi Umhverfisstofnunar frá 21. mars 2018 sem gildir til 2034. Starfsemin er flokkuð í 3. flokk samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 sem féll brott með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Gera skal kerfisbundið mat á áhættu vegna urðunarstaða og á tíðni eftirlits að ráðast af niðurstöðu áhættumatsins. Unnið er að áhættumatinu og verður það nýtt til að ákvarða tíðni eftirlits frá og með árinu 2020.

Urðunarstaðúrinn er 3,75 ha. að stærð og staðsettur norðaustan við þéttbýlið á Bakkafirði. Starfsleyfið gildir fyrir urðun meðhöndlaðs úrgangs sem flokkast ekki sem spilliefni og fellur í flokk 02 þ.e. úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, lagareldi, skógrækt, veiðum, fiskveiðum, matvælaiðnaði og matvælavinnslu og flokk 20 þ.e. heimilisúrgangur (úrgangur frá heimilum og svipaður úrgangur frá verslun, iðnaði og stofnunum), þ.m.t. flokkaður úrgangur samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Starfsleyfið tekur ekki til reksturs gámvallar né meðhöndlunar, flokkunar og geymslu á úrgangi.

Fundað var með Elíasi Péturssyni sveitarstjóra á skrifstofum sveitarfélagsins á Bakkafirði.

Dagskrá eftirlits:

1. Fundur
  - a. „ónytjahlutir“ á urðunarstaðnum – frávik frá fyrri eftirlitum
  - b. kvittanir ekki gefnar út til úrgangshafa – frávik frá 2018
  - c. vöktun (mælingar á grunnvatni hafa ekki farið fram) – frávik frá 2018
  - d. fokvarnir (skjólbelti, girðingar eða manir) – ábending frá 2018
  - e. magn og gerð úrgangs – 200 tonna hámark
  - f. skil á gögnum samkvæmt starfsleyfi
  - g. skráningar
  - h. um tilkynningar til Umhverfisstofnunar
  - i. um tíðni eftirlits og reglugerð nr. 550/2018
  - j. tilkynningar og kvartanir vegna urðunarstaðarins.
2. Skoðun á urðunarstaðnum

1.a. Enn eru ónytjahlutir geymdir á urðunarstaðnum, s.s. veiðarfæraúrgangur (nót o.fl.), brotamálmur o.p.h. Upp kom í umræðum að opna gámvöll til hlíðar við urðunarstaðinn þar sem úrgangur sem flokkast frá urðanlegum úrgangi er haganlega fyrir komið í hálfgánum eða þ.h. þar til þessir hlutir eru fluttir í burtu til annarrar ráðstöfunar. Rekstraraðila var bent á að leita þarf til heilbrigðisnefnar með leyfi fyrir gámvelli. Fylgt verður með framvindu málsins í eftirliti næsta árs.

1.b. Í eftirliti síðasta árs var skrifað upp frávik við að kröfum um kvittanir væri ekki fylgt eftir. Frá síðustu áramótum eru gefnar út kvittanir til úrgangshafa sem koma á urðunarstaðinn.

1.c. Frávik á árinu 2018 um mælingar (vöktun) er enn opið. Sjá grein 4.2 í starfsleyfi. Mælingar á leiðni og sýrustigi í grunnvatni úr brunni #2 bárust stofnuninni. Engar mælingar á samsetningu grunnvatns hafa borist né staða (hæð) grunnvatns. Enn hafa rennslismælingar í læk (yfirborðsvatn) ekki borist, né hafa borist mælingar á samsetningu yfirborðsvatns. Ítrekuð er krafa um að stofnuninni sé send tímasett úrbótaáætlun vegna vöktunar.

1.d. Til samræmis við grein 3.5 í starfsleyfi, sem og áætlun rekstraraðila um rekstur, vöktun og innra eftirlit og umhverfisáætlun Langanesbyggðar vegna urðunarstaðarins á Bakkafirði skal vera gróðurbelti/skjólbelti umhverfis urðunarstaðinn. Vinna við skjólbelti virðist enn ekki hafin. Bent er á að til þess að uppfylla ákvæði um skjól og ásýnd

skal vera skjólbelti á milli þorpsins og urðunarstaðarins. Í viðauka 2 við starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn og í umhverfisstefnu Langanesbyggðar fyrir urðun sorps á Bakkafirði er hannað skjólbelti umhverfis urðunarstaðinn. Skjólbelti eykur sátt um svæðið.

1.e. Samkvæmt skýrslu rekstraraðila um magn og gerð úrgangs voru samtals 197 tonn af úrgangi urðuð á árinu 2018.

1.f. Gögn sem skila á samkvæmt starfsleyfi bárust í tíma fyrir skiladag. Bent er á að afrit af skýrslum ókulu fara á Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

1.g. Skráningar rekstraraðila ókulu vera aðgengilegar fulltrúa Umhverfisstofnunar. Skrá skal allan úrgang sem er urðaður, eins allan úrgang sem er endursendur, þ.e. hafnað vegna þess að ekki er leyfi til að urða tiltekna úrgangsflokk, þ.m.t. raftæki, spilliefni, fljótandi úrgang, hjólbardó, brotajárn, ökutæki o.fl. Skrá skal breytingar á umfangi (sig) á úrgangsstaðnum, mengunaróhöpp, niðurstöður vöktunarmælinga og veðurupplýsingar. Nokkuð vantar upp á að heildarsamantekt á niðurstöðum skráninga berist stofnuninni eins og krafa er um í grein 4.4 í starfsleyfi. Bent er á ákvæðið og einnig það að heilbrigðisnefnd skal fá afrit af niðurstöðum skráninga.

1.h. Áhersluverkefni eftirlitsmanna í mengunarvarnareftiliti þetta árið er að fara yfir og skýra hvernig standa skal að tilkynningum til stofnunarinnar vegna mengunaróhappa. Lögð var áhersla á að tilkynningar til stofnunarinnar skal senda á tölvupóstfangið ust@ust.is. Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína til þess að endurspeglar þetta.

1.i. Ný reglugerð nr. 550/2018 kveður á um kerfisbundið mat á umhverfisáhættu til þess að ákveða tíðni eftirlits. Þá ókulu sambærilegar urðunarstaðir bornir saman og metið út frá því hvar stofnunin ætti að vera að beita sér. Nánar er gerð grein fyrir kerfisbundna áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit sem er á heimasiðu Umhverfisstofnunar. Tíðni eftirlits skal vera á bilinu amk. eitt eftirlit á ári fyrir þá starfsemi sem veldur mestri áhættu, til þess að vera á þriggja ára fresti fyrir fyrirtæki sem valda minnstri áhættu.

1.j. Staðsetning urðunarstaðarins nálægt þorpinu á Bakkafirði veldur því að kvartanir berast Umhverfisstofnun vegna starfseminnar. Fjarlægðamörk (500 m) eru einungis uppfyllt ef vestasta svæði urðunarsvæðisins verður ekki notað til urðunar. Í viðauka 2 við starfsleyfi er u.p.b. 40 metra svæði suður og vestur af urðunarsvæðinu merkt skjólbelti.

2. Farið var í skoðun á urðunarstaðnum með Elíasi sveitarstjóra. Unnsteinn Árnason verktaiki hjá sveitarfélagini tók á móti okkur og upplýsti um gang mála. Spurt var út í sýnatökubrunna vegna grunnvatnssýna sem taka á ofan og neðan urðunarstaðarins. Farið var fram á breytingar á brunnunum, og að þeir væru nógu djúpir til þess að grunnvatn rynni í gegnum þó og eins að staðsetning þeirra væri í stefnu grunnvatns ofan og neðan urðunarstaðarins.

Skoðaðar voru hrúgur af ónytjahlutum sem eru enn á urðunarstaðnum. Rekstraraðila var bent á að sækja um leyfi fyrir gámvelli til hliðar við urðunarstaðinn ef enn er þörf fyrir flokkun og geymslu úrgangs.

Urðunarrein er ofarlega í landinu. Engin ummerki voru úrgang upp úr jarðvegi eða fokefni við urðunarreinina. Áformað verklag er þannig að tekin er 3-4 m djúp hola, úrgangur losaður í hana og jarðefni sett yfir. Næsti farmur úrgangs lagður bar ofan á o.s.frv. þar til jarðvegur er kominn í hæð.

EKKI eru gerðar athugasemdir við hlið né girðingar um urðunarstaðinn. EKKI var fokefni í girðingum.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

ákvæðum í grein 4.2 í starfsleyfi.

Fullnægjandi aðstaða skal vera ofan og neðan urðunarstaðarins til sýnatoku og framkvæma skal ákveðnar mælingar fyrir 1 maí og 1. október ár hvert. Niðurstöður vegna 2019 hafa ekki borist stofnuninni.


## ÁBENDINGAR

Bent er á kröfur í starfsleyfi, viðauka 2 um skjólbelti umhverfis urðunarstaðinn á Bakkafirði. Umhverfisstefna sveitarfélagsins fyrir urðunarstaðinn gerir einnig ráð fyrir skjólbelti umhverfis urðunarstaðinn.

Bent er á að samantekt á niðurstöðum skráninga er ekki að skila sér fyrir 1. maí ár hvert eins og kröfur eru um í starfsleyfi. Þótt aðskilin gögn berist stofnuninni þá vantar skýrslu um niðurstöður skráninga.

Bent er á að starfsleyfið gerir ráð fyrir sýnatökubrunnum ofan og neðan urðunarstaðarins til þess að hægt sé að taka sýni af vatni sem rennur undir urðunarstaðinn og svo sigvatni sem kemur út undan urðunarstaðnum. Fyrirhugað er að bera saman magn efna í sýnum og sjá þannig hvort efnasamsetning vatnsins breytist við það að fara í gegnum urðunarstaðinn. Færa þarf sýnatökubrunna þannig að tekið sé mið af grunnvatnsflæði niður hallann (Slakkana).

Reykjavík, 06.01.2020

  
Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.